

Niðurstöður úr SET lista á Kiðagili fyrir árið 2022

SET listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT – skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn.

Niðurstöður listans er ætlað að nota til að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT – skólafærni viðkomandi skóla. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og því gott tæki til að bera saman árangur milli ára.

Dalrós og Sesselja heimsóttu leikskólann Kiðagil. Rætt var við börn og starfsfólk og litið á SMT gögn leikskólans.

Niðurstöður SET listans eru þær að skólinn er að vinna SMT á fullnægjandi hátt.

Heildarmeðaltal skólans er 97,3 %. Skólar sem fá 80 % eða meira í heildarmeðaltal eru að innleiða og vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt. Í listanum eru 8 flokkar sem kannaðir eru og var heildarmeðaltal þessara átta flokka 97,3 %. Heimsóttar voru 2 deildir, Engjarós og Smári.

Kiðagil var nánast með fullt hús stiga í SET lista yfirferð fyrir árið 2022. Sá hluti listans sem ekki hlaut fullt hús stiga var liður C. en hann fjallar um viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun. Hér eru ábendingarnar úr SET listanum:

A. Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun – 12/14 = 86%

- 1. Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun og taka flestir starfsmenn þátt í að nota kerfisbundnar aðferðir til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin fá bros þegar þau fylgja reglum og safna. Þegar takmarki er náð er umbun veitt. Einnig er notuð félagsleg hvatningu. s.s. „þumall“ og „fimma“. Einnig eru einhver börn með persónuleg umbunakerfi ef þörf þykir.*
- 2. Til staðar er ákveðið ferli sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun, s.s. forréttindamissir, einvera og minna á regluna. Á Smáranum voru börn minnt á regluna og leiðrétt fyrirfram í þessu áhorfi en ekki á Engjarós. Á báðum deildum var notað klapp og klukka til að gefa til kynna að breytingar væru í nánd ásamt munnlegri athugasemd.*
- 3. Í áhorfi á deildunum var töluvert um munnlegt hrós og jákvæða athygli og jafnvægi á milli jákvæðra og neikvæðra athugasemda á Smáranum (4-1). Á Engjarós var ekki um jafnvægi að ræða (2-2).*

Það sem er grálitað hér að ofan eru þær útbætur sem gera þarf.

- Kennarar Engjarósar verða minntir á mikilvægi þess að leiðréttu fyrirfram með þeirri reglu sem um ræðir hverju sinni.
- Mikilvægi hróss á móti leiðréttingu verður tekið til umfjöllunar á starfsmannafundi haustið 2022